

Lýsing á sérfræðinámi í hjúkrun- og ljósmóðurfræði á Landspítala

Sérfræðinám til sérfræðiviðurkenningar í hjúkrun og ljósmóðurfræði er auglýst árlega. Um 9-18 mánaða námstíma er að ræða, í 80-100% starfi. Sérnámshjúkrunarfræðingar og sérnámsljósmæður fá 20% af sínum vinnutíma í samráði við yfirmann til að vinna að markmiðum sínum í sérfræðináminu.

Aðgangskröfur

- Meistara- eða doktorspróf sem uppfyllir skilyrði reglugerðar nr. 684/2013 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun og reglugerðar nr. 1089/2012 um veitingu sérfræðileyfa í ljósmóðurfræði.
- Íslenskt hjúkrunarleyfi eða ljósmóðurleyfi.
- Áhugi og metnaður til að þróa sérfræðipækkingu á tilteknu sviði hjúkrunar eða ljósmóðurfræði og vera í fararbroddi í umbótum sem byggja á gagnreyndri þekkingu.

Markmið sérfræðinámsins

Að loknum námstíma á sérnámshjúkrunarfræðingur/ljósmóðir að hafa:

- Yfirgripsmikla þekkingu á viðkomandi sérsviði hjúkrunar eðaljósmóðurfræði og getu til að vera leiðtogi í að skipuleggja og stýra hjúkrunarmeðferð.
- Fræðilegar forsendur til að meta og nýta stöðu þekkingar á sviðinu á þann hátt að besta þekking sé höfð að leiðarljósi.
- Hæfni til að sinna skyldum sérfræðings í hjúkrun og ljósmóðurfræði svo sem til að:
 - Veita samstarfsfólki, sjúklingum og aðstandendum ráðgjöf um starfsaðferðir, meðferð og leiðir til lausnar heilsufarsvanda af fagmennsku og ábyrgð.
 - Sinna leiðtogahlutverki og forystu í teymisvinnu og innleiðingu verkefna.
 - Meta fræðsluþarfir sjúklinga aðstandenda og samstarfsfólks og stunda kennslu innan og utan stofnunar.
 - Stunda rannsóknar- gæða- eða þróunarstörf á sérsviði sem miða að því að efla þekkingu og bæta gæði hjúkrunar og öryggi sjúklinga.

Námslýsing

Meginþættir sérfræðinámsins eru klínískt starf, fræðsla, ráðgjöf, rannsóknir, gæða- og þróunarstörf. Einnig er rík áhersla á leiðtoga- og forystuhlutverk sérfræðinga í hjúkrun. Á fyrri hluta sérfræðinámsins er áhersla á klínískt starf, öflunar sérþekkingar og gæðavinnu. Á seinni hluta námsins er aukin áhersla á fræðilega vinnu, m.a. rannsóknarvinnu og innleiðingu á nýjungum í klínísku starfi í samræmi við bestu þekkingu sem völ er á. Á námstímanum fer sérnámshjúkrunarfræðingur/sérnámsljósmóðir í vettvangsheimsóknir eftir því sem þurfa þykir. Einn er sótt þekking og þjálfun innan og utan LSH sem eru til þess fallnar að auka hæfni í hlutverkum sérfræðinga í hjúkrun. Vettvangsheimsóknum eru gerð skil í framvinduskýrslum.

Sérnámshjúkrunarfræðingar/ljósmæður skila enn fremur fjórum skriflegum ígrundunum samkvæmt viðurkenndu líkani sem lúta að mismunandi hlutverkum sérfræðinga í hjúkrun/ljósmóðurfræði og ræða hverja þeirra við aðila í leiðsagnarnefnd.

Sérnámsjúkrunarfræðingar og sérnámsljósmæður veita sérhæfða meðferð eða umönnun sjúklingahóps í samræmi við klíníska áherslu námsins. Þau stuðla einnig að þverfaglegri samvinnu og hafa frumkvæði að nýjungum í meðferð eftir því sem við á, m.a. með þátttöku í þróunarverkefnum til innleiðingar á nýjungum eða breytingum á meðferð.

Sérnámsjúkrunarfræðingur/sérnámsljósmóðir veita ráðgjöf og fræðslu til sjúklinga, aðstandenda eða starfsmanna um sérhæfða meðferð á sínu sérsviði. Þau taka jafnframt þátt í kennslu nema og nýráðinna starfsmanna sem og símenntun starfsmanna.

Miðað er við að rannsóknir, og fræðastörf séu að lágmarki fjórðungur sérfræðinámsins. Átt er við rannsókn- og fræðastarf í víðum skilningi, s.s. virk þátttaka í rannsókn á viðkomandi sérsviði, greinaskrif úr rannsóknarverkefni, gerð rannsóknaráætlunar, þátttaka í gerð gagnreyndra leiðbeininga, þar með talið gæðaskjala. Nenum ber að fylgjast með rannsóknum á sínu sviði og stuðla að nýtingu þeirra í klínísku starfi.

Framkvæmd

Kennslustjóri menntadeildar hefur umsjón með framkvæmd námsins. Skipuð er tveggja til þriggja manna leiðsagnarnefnd fyrir hvern sérnámsjúkrunarfræðing/sérnámsljósmóður. Í henni eiga sæti sérfræðingar í hjúkrun/ljósmóðurfræði en einn getur verið heilbrigðistarfsmaður með að lágmarki meistarapróf sem tengist áherslum sérnámsjúkrunarfræðings/sérnámsljósmóður. Hlutverk nefndarmanna er að vera þátttakanda til ráðgjafar um námið og leiðsagnar um skipulag þess, fara yfir, samþykkja námsáætlun þegar hún liggur fyrir og gefa umsögn um framvindu námsins og frammistöðu nemenda við lok sérfræðináms.

Á námstíma boðar nemi í sérfræðinámi leiðsagnarnefnd sína á fundi; í upphafi starfsnáms, á 4-6 mánaða fresti og í lok þess. Hann gerir skriflega áætlun í samráði við leiðsagnarnefnd sína í upphafi náms og gerir grein fyrir framvindu sérfræðinámsins á nefndarfundum. Fyrir fundi sendir þátttakandi nefndinni yfirlit yfir markmið, hvað hefur áunnist í sérfræðináminu og hvað hann sér sem leiðir að markmiðum næstu mánaða. Á fundum tekur nemi niður helstu punkta sem ræddir eru á fundinum og sendir stutta fundargerð með viðbrögðum við ábendingum ásamt endurskoðaðri námsáætlun innan viku frá fundi. Framangreind gögn eru einnig send kennslustjóra sérfræðinámsins. Nemi hittir sérfræðinga í nefnd eftir þörfum utan funda. Kennslustjóri skipuleggur fræðslu og umræðufundi í sérfræðináminu þar sem rætt er um hlutverk sérfræðinga í hjúkrun/ljósmóðurfræði og er ætlast er til virkrar þátttöku í þeim. Jafnframt er ætlast til að þátttakendur sækji almenna fræðslu á Landspítala og þekkingu í vísindalegum vinnubrögðum og kennslufræði eftir því sem þurfa þykir.

Mat

Mat byggir á skriflegum áætlunum, framvinduskýrslum og samskiptum við leiðsagnarnefnd. Lagt er mat á hvernig þátttakandi hafi aflað og nýtt tækifæri til þjálfunar í öllum meginþáttum námsins. Leiðsagnarnefndir gefa skriflega umsögn á frammistöðu í lok sérfræðinámsins samkvæmt matsblaði. Kennslustjóri metur þátttöku á fræðslufundum og skrifar og sendir, í lok námstíma, vitnisburð til staðfestingar á þátttöku í sérfræðinámi.